

FUNDARGERÐ

Nefnd:	Starfsmatsnefnd
Efni:	<i>135. fundur starfsmatsnefndar</i>
Viðstaddir:	Anna María Pétursdóttir; Anna Helgadóttir; Krístrún Einarsdóttir; Ingi Geir Hreinsson; Steinvör Laufey Jónsdóttir; Halldór Gunnarsson; Ragnar Ólason; Ísleifur Tómasson
Fundardagur:	10/22/2013
Tími:	10:00 AM - 11:45 AM
Fundarstaður:	Bárubúð, Ráðhúsi Reykjavíkur

135. fundur Starfsmatsnefndar haldin í Bárubúð, Ráðhúsi Reykjavíkur

Þriðjudaginn 22.10.2013 og hófst hann kl. 10.00.

Mætt af hálfu stéttarfélaganna: Ragnar Ólason (Eflingu), Halldór Gunnarsson (StRv), Ísleifur Tómasson (RSÍ)

Mætt af hálfu Rvk: Anna María Pétursdóttir, Anna Helgadóttir og Krístrún Einarsdóttir.
Starfsmenn Starfsmats: S.Laufey Jónsdóttir og Ingi Geir Hreinsson.

Fundargerð samþykkt og fyrir tekið:

I. Tillögur að endurmati starfa í vinnslu nefndar.

Mál nr. 2012- 88 Endurmat nr. 2012-159 MOF6100skrifstofustjóri LS. Ný gögn hafa borist frá sviðinu til nefndar og eru nú til skoðunar. Afgreiðsla frestað.

Mál nr. 2013- 99 Endurmat nr. 2013-165 USK6100stöðuvörður. Fyrri mat samþykkt 322 stig. Afgreiðsla samþykkt.

II. Ný framlögð tillaga að endurmati starfs.

Mál nr. 2013-96 Endurmat nr. 2013-162 USK3621rafvirkjameistari.

III. Yfirferð á gögnum frá UK.

Ákveðið hefur verið að vinnufundir vegna endurskoðunar starfsmatinu verði annan hvern þriðjudag.

Ragnar lagði til að fulltrúi fyrir BHM félögin verði boðaður á þessa fundi.

Ýmis gögn eru til um innleiðingu starfsmatsins hér á landi sem geta nýst nefndinni í þessari vinnu sem óskað var eftir að nefndarmenn fengu send til sín.

IV. Önnur mál.

Fyrirspurn frá Halldóri varðandi uppfærðan starfsheitalista yfir metin störf hjá borginni. Verið er að uppfæra listann þ.a.e.s. lagfæra starfsheitin til samræmis við breytingar sviða og skrifstofa hjá Reykjavíkurborg. Hann verður síðan birtur á vef Reykjavíkurborgar og Innri vef starfsmanna borgarinnar.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl.11.50.

Næsti fundur nefndar er þriðjudaginn 29 okt 2013. kl. 10.00 í Bárubúð/Ráðhúsi Reykjavíkur.

Ath: Niðurstöður Starfsmatsnefndar á mati starfa eru sendar til launadeildar og starfsmannastjóra viðkomandi sviða og birtar á heimasíðu Reykjavíkurborgar við fyrsta tækifæri.